

Bstj. 6. september 2011

2. mál Tillaga borgarfulltrúa Vinstri grænna og Sjálfstæðisflokks um úttekt innri endurskoðanda á stofnun skóla- og frístundasviðs og sameiningum leikskóla, grunnskóla og frístundaheimila

Sóley Tómasdóttir: Forseti, góðir borgarfulltrúar. Á einu ári hafa orðið miklar breytingar í borginni, ekki á öllum sviðum og ekki endilega til batnaðar. En mennta- og uppeldisumhverfi borgarinnar hefur breyst svo um munar. Meirihluti Besta flokks og Samfylkingar er nú á lokametrunum við sameiningar þeirra leikskóla, grunnskóla og frístundaheimila sem þvingað var í gegn í vor. Mikil óvissa ríkir um þær sameiningar sem samþykkt var að fresta, hvort og þá hvenær af þeim verður. Þessar sameiningar hafa mætti mikilli andstöðu. Starfsfólk sviðanna hefur sent frá sér vel rökstudd álit þar sem mælt er gegn þeim. Fagfélög hafa gagnrýnt ákvarðanirnar, leiðirnar og vinnubrögðin. Og foreldrar sáu ástæðu til þess að stofna með sér þverpólítísk hagsmunasamtök vegna málsins. Þessi andstaða var ekki bara af ótta við breytingar. Þessi andstaða snerist ekki bara um íhaldssemi eða eiginhagsmunagæslu. Andstaðan var af faglegum toga. Hún var á forsendum kennslu- og uppeldisfræða, á forsendum frístundafræða, á forsendum breytingarstjórnunar og á forsendum stjórnarsýslufræða.

Það er alveg ljóst að ákvörðun um sameiningar leikskóla, grunnskóla og frístundaheimila var ekki nægilega vel ígrunduð. Það var skortur á samráði. Það var ekki tekið tillit til faglegra ábendinga og flýtirinn var svo mikill að hvorki foreldrum, starfsfólki eða stjórnmalafólki gafst almennilegt svigrúm til að hugsa málin til enda og ræða það sem til stóð á faglegum nótum. Í öllum hamaganginum við sameiningar einstakra eininga var svo umyrðalaust og án fyrirvara kastað fram nýrri tillögu um sameiningu menntasviðs og frístundahluta ÍTR. Tillagan var sögð til einföldunar og fullyrt að hún væri í anda stefnu meirihlutans þó svo að hafi komið í ljós að hún væri jafn illa ígrunduð og sameiningarnar sem áður höfðu verið kynntar og sumar samþykktar. Nýja sviðið var kynnt og samþykkt með örfárra daga fyrirvara og án allrar umræðu. Það er því ekkert ofsögum sagt að mennta- og uppeldisumhverfi borgarinnar hafi verið umturnað. Hvaða áhrif breytingarnar hafa verðu viðfangsefni fræðafólks langt inn í framtíðina. En heyrst hefur þó að nú þegar sé farið að nota málið sem dæmi um það hvernig ekki eigi að gera hlutina í fræðasamfélaginu.

Bstj. 6. september 2011

Forseti, þegar núna rúmt ár er liðið af kjörtímabilinu og tæpt ár er liðið síðan fyrstu tillögur komu fram um sameiningar gætir áhrifanna í öllu skólasamfélaginu. Inni á nýsameinuðum leikskólum er ástandið viðkvæmt. Smærri leikskólar upplifa einskonar yfirtöku og starfsfólki líður illa. Mikil óánægja ríkir í sameinuðum grunnskólum í Hvassaleiti og Álftamýri. Og í Árbænum urðu sameiningarnar færri og tóku gildi síðar en áætlað hafði verið með tilheyrandi viðbótarálagi á starfsfólk og nemendur í upphafi skólaársins. Í öllum hverfum borgarinnar er frístundastarf í lausu lofti, skipurit nýstofnaðs sviðs hefur ekki enn litið dagsins ljós og því eru allar boðleiðir óskýrar. Það verður að segjast að það er þínu öfugsnúið að samþykkja að setja á laggirnar starfshóp um stefnumótun skóla- og frístundasviðs á sama fundi og lögð er fram tillaga um stofnun sviðsins. Það er öfugsnúið að stofna svið sem ekki hefur verið ákveðið hvernig eigi að starfa eða virka. Þetta var samt gert.

Meirihluti Besta flokks og Samfylkingar tók báðar þessar ákvarðanir á einum og sama fundi borgarráðs. Fyrst stofnum við sviðið og svo förum við í stefnumótun. Og samþykktin fer fram 1. september, hún er staðfest í borgarstjórn 6. september um að sviðið verði stofna frá og með 1. september 2011. Við munum sem sagt staðfesta það hér í dag að skóla- og frístundasvið verði sett á laggirnar frá því á fimmtudaginn í síðustu viku. Til að bæta gráu ofan á svart eru samþykktir fyrir ný fagráð enn í meðförum í kerfinu og hafa ekki verið samþykktar. Óvissan er því ekki aðeins inni á einstökum starfsstöðum vegna óljósra boðleiða og illa undirbúinna sameininga og ekki bara á fagsviðunum vegna óljósra hlutverka eða hugmynda um hver á að starfa hvar heldur líka í fagráðunum þar sem kjörnir fulltrúar eru ekki einu sinni með það á hreinu hver fjallar um hvað eða mótartefnu um hvað.

Ég hef svo sem talað mig hása út af þessu máli, bæði hér og annars staðar áður og ég held að frekari ræðuhöld gagnist kannski lítið. Enn eina ferðina hef ég farið í grófum dráttum yfir ferlið, óvissuna og stefnuleysið og ætla að láta þar við sitja í bili en flytja hér tillögu okkar borgarfulltrúa minnihlutans um úttekt innri endurskoðunar á ferlinu sem er svohljóðandi, með leyfi forseta:

Borgarstjórn Reykjavíkur samþykkir að fela innri endurskoðun að fara yfir aðdraganda stofnunar nýs skóla- og frístundasviðs og yfirstandandi

Bstj. 6. september 2011

sameiningarferli leikskóla, grunnskóla og frístundaheimila með tilliti til samþykktar Reykjavíkurborgar, stjórnarsýslulaga og góðra stjórnarháttanna. Í þessu sambandi verði lögð áhersla á að skoða samskipti og samráð við stjórnendur, starfsfólk og borgarbúa og gerðar tillögur að úrbótum ef þörf krefur. Tilvitnun lýkur.

Ég veit að borgarfulltrúar meirihlutans hyggjast leggja til að úttektin hefjist um áramót þegar innleiðingaferlinu er lokið og það er sársaukalaust að minni hálfu. Það er ekki að ástæðulausu sem við erum að leggja þetta til og það er ekki heldur til þess að klekkja á einhverjum eða tortryggja. Eins og ég sagði í upphafi þá er rúmt ár liðið af kjörtímabilinu og meirihlutasamstarfi Besta flokks og Samfylkingar. Á þessu ári hefur margt farið úrskeiðis og mörgu verið ábótavant. Ég má ekki til þess hugsa að meirihlutinn haldi uppteknum hætti í þeim verkefnum sem framundan eru heldur ber ég þá einlægu von í brjósti að hægt verði að draga lærdóm af úttekt innri endurskoðunar og að þar komi fram ábendingar sem farið verður eftir til framtíðar. Ég vonast því til að tillagan verði samþykkt hér í dag og að framkvæmd úttektarinnar gangi hratt og vel fyrir sig og að vinnubrögð framtíðarinnar verði sanngjarnari og faglegrari af hálfu meirihlutans.

Forseti: Þá hefur borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir lokið máli sínu. Og þá tekur til máls háttvirtur borgarstjóri.

Bstj. 6. september 2011

2. mál Tillaga borgarfulltrúa Vinstri grænna og Sjálfstæðisflokks um úttekt innri endurskoðanda á stofnun skóla- og frístundasviðs og sameiningum leikskóla, grunnskóla og frístundaheimila

Borgarstjóri, Jón Gnarr: Virðulegi forseti, ágætu borgarfulltrúar. Ég get fallist á það að það sé gott að framkvæma úttekt á stofnun þessa nýja sviðs. Og vil því leggja fram viðaukatillögu:

Að úttektin fari fram þegar að innleiðingu er að fullu lokið. Takk fyrir.

Forseti: Þá hefur háttvirtur borgarstjóri lokið máli sínu. Og þá tekur til máls borgarfulltrúi Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir.

Bstj. 6. september 2011

2. mál Tillaga borgarfulltrúa Vinstri grænna og Sjálfstæðisflokks um úttekt innri endurskoðanda á stofnun skóla- og frístundasviðs og sameiningum leikskóla, grunnskóla og frístundaheimila

Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir: Forseti, ágætir borgarfulltrúar. Ég kem hérna upp til þess að fagna þessari tillögu Vinstri grænna og Sjálfstæðisflokksins og þakka Sóleyju Tómasdóttur borgarfulltrúa fyrir að innleiða þá umræðu hér. Ég vil líka byrja á því að taka undir að það sé gott að við kannski séum ekki að ræða þetta mjög ítarlega hér enda ætti þá innri endurskoðandi að takast á við það verkefni sem fyrst. Og ég get alveg tekið undir það að það væri ágætt að það hefjist eftir að innleiðingu er lokið, en hef þó vissar áhyggjur af því að innleiðingu muni ekki ljúka um áramót. Því að allt er á eftir áætlun og það er bara talsvert miklar líkur á því að þetta tefjist allt talsvert, eins og kom fram í máli borgarfulltrúa Sóleyjar Tómasdóttur þá liggur ekki fyrir ennþá skipurit og talsverð óvissa er á sviðinu og sviðunum um hvernig skipuritið og hverjir eru yfirmenn hverra, og eitthvað sem þarf að taka af skarið með að ákveða. En það er mikið tilefni af úttekt á þessu breytingarferli sem að við höfum rætt hér ítrekað í sölum borgarstjórnar.

Í grunninn tel ég mikilvægt að muna bara almenn að við verðum að skoða endann betur heldur en við gerðum í þetta sinn. Í upphafi skal endinn skoða er alltaf gott að hafa í huga og við höfum með ærnum tilkostnaði núna undanfarna mánuði og ár farið í gríðarlegt breytingarferli gegn sannfæringu starfsmanna, gegn sannfæringu foreldra og samfélagsins. Og dálítið sitjum eftir með að hafa farið í breytingar breytinganna vegna. Og við verðum hér að setta okkur við það og viðurkenna hér meirihluti og minnihluti að það hefur ekkert staðist ennþá sem við ætluðum okkur og meirihlutinn ætlaði sér í þessu breytingarferli. Við höfum fengið neikvæðar umsagnir allra ef frá eru taldir tveir leikskólar held ég. Skólaráð og foreldraráð um allt þetta breytingarferli og allar hugmyndirnar. Við erum með niðurstöður um heilan árgang í einum skólanum sem er horfinn í annan skóla sem er ekki einu sinni hluti af breytingarferlinu.

Þannig að það hvarf heill áttundi bekkur úr einum skólanum í annan skóla sem ekki einu sinni er verið að sameinast við. Við erum með talsvert uppnám í nokkrum leikskólum þar sem að miklar starfsmannabreytingar eiga sér stað. Við erum með útreikninga á hagræðingu sem að komu hérna tveimur dögum fyrir útgáfu skýrslunnar stóru um sameiningar og samrekstur, og sýndu svart á hvítu að

Bstj. 6. september 2011

ekki voru neinar hagræðingartölur til að tala um. Og hvað hefur komið á daginn. En nú kemur 6 mánaða uppgjör með afkomuviðvörðunum – eitthvað sem að við höfum bara ekki séð áður sem sýna bara hreinlega að þetta er ekki að ganga upp og meira til. Það er allt bara miklu dýrara allt heldur en hérna hagræðing var talin af. Það er bara hreinlega kostnaðarauki á öllu þessu breytingaferli. Fullt af brólti sem sagt á breytingum sem er ekki að skila neinni hagræðingu með þessum ærna tilkostnaði.

Lítið dæmi sem að nýlega er komið fram: Við fórum hér í mikla umræðu og Vinstri grænir héldu uppi mikilli málsvörn fyrir frístundaheimilunum sem að við vorum öll að hugsa um að gætu kannski jafnvel verið í betra faglegu formi hjá grunnskólunum í samstarfi við ÍTR. Og eftir að ákveðið að nokkur hverfi ættu að fara í að sameinast grunn- og frístundaheimili þá var endað í að það ætti að vera eitt hverfi og svo endaði þetta í tveimur skólum og frístundaheimilum sem eru að sameinast. Og kemur nú á daginn að breytingarnar sem eru núna í þessum tveimur skólum eru dýrari heldur en þáverandi prógramm. Þannig að nú erum við búin að fara í með miklum látum og ósætti og miklum látum ennþá inni á frístundaheimili útaf óvissu, erum komin með módel sem er dýrara heldur en áður var. Og við einhvern veginn erum ekkert að tala um þetta. Við fórum bara af stað, gerðum alls konar hluti og við vissum ekkert hverju þetta mundi skila. Við reiknuðum bara ekkert út. Og ég ítreka það að við í Sjálfstæðisflokknum sögðum allan tímann að þessir peningar mundu ekki verða að veruleika. Þessi hagræðing yrði ekki að veruleika. Þetta væru of litlar tölur til að geta sagt að einhver hagræðing ætti sér stað.

Og þessi tillaga snýst bara um vinnubrögðin. Við verðum að gera okkur grein fyrir því hvert við erum að fara áður en við leggjum af stað. Og ég ætla aðeins að fá að nefna varðandi stjórnarsýsluna, þó að Sóley Tómasdóttir borgarfulltrúi hafi farið dálítið vel yfir það, hún er í mjög mikilli óvissu og það er mjög óþægilegt í alla staði, eins og ég hef ítrekað sagt í stjórnkerfisnefnd, að fara í svona breytingar án þess að vita hvert við erum að fara. Og við höfum rætt það í stjórnkerfisnefnd aftur og aftur að við erum ósammála minnihluti og meirihluti um það að fara af stað í svona breytingar án þess að vita hvert við erum að fara. Og kemur á daginn að við vitum ekki alveg hvert við erum að fara. Við erum búin að búa til 30

Bstj. 6. september 2011

milljarða útgjaldasvið sem að áfram á að vera með sjö manna ráði og vinna jafnmikið og önnur ráð, með fullri virðingu fyrir þeim. Og það er ekki búið að ræða það neitt hvort að þetta verði gert aftur eða fleiri ráð. Við vitum ekki hvert við erum að fara með þessa stjórnslu. Ekki hugmynd.

Svo að lokum vil ég nefna það hér að leikskólinn er að verða undir í allri þessari umræðu og mér finnst það mjög sorglegt. Vissulega á ég tilfinningar í leikskólaráðinu gamla. Ég hef hins vegar ekkert verið að berjast fyrir því að halda því á lífi. En ég hef mjög miklar áhyggjur af því að leikskólinn fái ekki þá umræðu og umfjöllun sem að hann á skilið. Þarna eru 10 milljarðar af skattfé að fara inn í rekstur og það sem hefur gerst núna á undanförunum mánuðum er að sviðsstjóri leikskólasviðs er farinn, sviðið er farið, ráðið er farið og nafnið er farið. Orðið leikskóli dettur út úr nafni sviðsins og ráðsins og við erum færri talsmenn leikskólans og baráttumenn til margra ára hafa horfið í önnur störf. Og mér þykir þetta miður og hef ítrekað sagt í menntaráði að mér finnst að það þurfi að breyta nafni sviðsins í leikskóla-, skóla- og frístundaráð frekar en skóla- og frístundaráð. En ég fagna þessari tillögu og ég vona að við getum lært af þessari reynslu vegna þess að þessi vinnubrögð þurfa ítarlega skoðun.

Forseti: Þá hefur Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir borgarfulltrúi lokið máli sínu. Ekki hafa fleiri borgarfulltrúar óskað eftir að tala og er umræðu þá lokið. Þá liggur fyrir borgarstjórn afgreiðsla á tillögu sem er svohljóðandi:

Borgarstjórn Reykjavíkur samþykkir að fela innri endurskoðun að fara yfir aðdraganda stofnunar nýs skóla- og frístundasviðs og yfirstandandi sameiningarferli leikskóla, grunnskóla og frístundaheimila m.t.t. samþykta Reykjavíkurborgar, stjórnslulaga og góðra stjórnarháttanna. Í þessu sambandi verði lögð áhersla á að skoða samskipti og samráð við stjórnendur, starfsfólk og borgarbúa og gerðar tillögur að úrbótum ef þörf krefur.

Borgarstjóri kynnti viðbótartillögu sem er svohljóðandi:

Úttektin fari fram þegar innleiðingu á sameiningu sviða og þjónustu er að fullu lokið.

Og ég legg til ef að fólk hreyfir ekki andmælum við því að ég bara beri þetta upp til atkvæða saman. Þeir sem að eru samþykkir þessari tillögu gefi merki. Það er afgreitt með 15 samhljóða atkvæðum. Og þá er þessum lið lokið á dagskrá borgarstjórnar. Þá förum við í þriðja mál á dagskrá sem er umræða um

Bstj. 6. september 2011

húsnæðisstefnu Reykjavíkurborgar og húsnæðismarkað í Reykjavík að beiðni allra flokka. Og fyrstur á mælendaskrá er borgarfulltrúi Björk Vilhelmsdóttir.